

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, hvatti til aukinna forvarna á sviði lýðheilsu. Mynd/gag

## Forsetinn hvatti til aukins forvarnarstarfs

Guðni Th. Jóhannesson forseti lagði áherslu á forvirkar aðgerðir, lýðheilsu, til að fyrirbyggja að fólk veikist þegar hann opnaði málþing um sjósundsiðkun á Læknadögum. „Sjósund fyrir mér er, þegar rétt er á málum haldið, góð leið til þess að hreyfa sig, vera úti í náttúrunni og njóta góðs félagskafar.“

Guðni sagði: „Ég er sannfærður um að við þurfum að sinna lýðheilsu, geðheilsu, forvirkum aðgerðum á sviði heilbrigðis- og heilsufars.“ Það hafi ekki aðeins áhrif á lífsgæðin heldur einnig hafi það hagkvæmt gildi.

„Hér á Íslandi, eins og annars staðar

í vestrænum löndum, rennur drjúgur hluti útgjalda heilbrigðiskerfisins til lífsstílstengdra sjúkdóma. Við viljum bæta líf og heilsu fólks, við viljum verja fjármunum í það. En einungis broti af heildarupphæðinni hefur verið varið til forvarna. Hér er ótvírætt að breytingar hefðu þegar á heildina á lítið, þegar til kastanna kemur, sparnað í för með sér.“

Guðni sagðist áhugamaður á þessu sviði. „Ég get ekki stutt mál mitt með rökum á þessu sviði nema að benda á rannsóknir annarra.“ Hann vísaði í *Læknablaðið*. „Ég er dyggur lesandi *Læknablaðsins* og safna upplýsingum þar,“ sagði forsetinn


## Gong, ráðherra og kenningar á málþingi um áföll og streitu

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

„Áföll og vanræksla og erfiður aðbúnaður í æsku eru atriði sem geta valdið börnum streitu og erfiðleikum langt inn í fullorðinsárin og jafnvel út lífið ef ekki er reynt að vinna á vandanum. Sjálfur kaus ég nýlega að stíga fram og segja frá reynslu sem hefur haft mikil áhrif á mig,“ sagði Ásmundur Daði Einarsson félags- og barnamálaráðherra þegar hann opnaði

og benti sérstaklega á rannsóknir og ritstjórnargreinar Unnar Önnu Valdimarsdóttur um áfalla- og streituröskun, Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur um hvernig við vegum og metum lífsgæði og Janusar Guðlaugssonar um íþróttaiðkun, og rannsóknir Tryggva Þorgeirssonar og Ernu Sifjar Arnardóttur, lektors í HR.

„Ef við verjum auknu fé til forvarna fáum við það margfalt til baka,“ sagði forsetinn.



Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélagsins, setti Læknadaga 2021. Mynd/gag

## Reynir setti Læknadaga 2021

„Læknar verða að geta haldið við þekkingu sinni, fylgst með tækniframförum og tileinkað sér nýjungar jafnóðum. Því má halda fram að grundvöllur gæða kerfisins byggist á stöðugri endurnýjun og viðhaldi þekkingar,“ sagði Reynir Arngrímsson, formaður Læknafélags Íslands, í ræðu sinni þegar hann setti Læknadaga 2021.

Hann sagði mikilvægt að átta sig á hvers vegna aðeins lítill hundradshluti lækna fullnýti kjarasamningsbundin réttindi til viðhaldsmenntunar. „Er það umgjörðin á vinnustaðnum, álag og mannekla sem er hindrandi, viðhorf yfirmanna eða hafa ákvæði um réttindin dregist aftur úr til dæmis raunkostnaður sem fylgir því að sækja endurmenntunarnámskeið erlendis?“

Yfir 800 læknar voru skráðir til leiks á Læknadögum þetta árið. Þeir fóru fram 18.-22. janúar og var streymt. Þátttakendur höfðu í kjölfarið mánuð til að horfa á öll erindin.



málþing um áföll og streitu á fyrsta degi Læknadaga 2021.

Ásmundur benti á lykilhlutverk heilbrigðisstarfsmanna þegar kemur að forvörnum gegn vanlíðan, vanrækslu og ofbeldi. „Börn eiga ekki að biða, börn eiga

ekki að falla á milli kerfa. Þjónustan á að snúast um börnin því þau eru miðpunkturinn,” sagði ráðherrann og lýsti því að nýtt frumvarp hans ætti að ná þessu markmiði.

*Slegið var í gong og farið yfir kenningar á málþingi um áföll og streitu á fyrsta degi Læknadaga 2021. Fjöldi fólks kom að málþinginu. Anna María Jónsdóttir, Benedikt Sveinsson, Guðmundur F. Jóhannsson, Ingvar Hákon Ólafsson, Laufey Steindórsdóttir, Gyða Dröfn Tryggvadóttir, Pálmi Óskarsson, Erla Gerður Sveinsdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Lilja Kjalarsdóttir tóku til að mynda öll þátt í því. Mynd/gag*




Jón Magnús Jóhannesson, Þórir Bergsson, Páll Óli Ólason og Unnur Ósk Stefánsdóttir taka kaffihlé frá málþingi um bráðavandamál. Mynd/gag



Steinn Jónsson fór yfir kosti og galla skimunar fyrir lungnakrabbameini á málþingi um skimanir í Rimu í Hörpu. Mynd/gag



Margrét Aðalsteinsdóttir, starfsmaður Fræðslustofnunar lækna, og Sólveig Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Læknafélagsins, tóku á móti fyrirlesurum og svöruðu fyrirspurnum áhorfenda. Mynd/gag



Unnur Anna Valdimarsdóttir, Ólafur Þór Ævarsson, Engilbert Sigurðsson og Magnús Haraldsson í kaffipásu frá málþinginu um geðheilsu á tímum COVID-19 á Læknadögum. Mynd/gag